

Tillaga

Þingsköp á þingi 2023

1. Tillaga að dagskrá

1. Þingið sett og verkum skipt.
2. Gengið frá viðvistarskrá.
3. Lögmæti og ákvörðunarbærni þingfundar.
4. Kosning fundarstjóra, varafundarstjóra og fundarritara.
5. Kosning tveggja til að undirrita fundargerð og tveggja til að telja atkvæði.
6. Dagskrá samþykkt.
7. Þingsköp samþykkt.
8. Ársskýrsla forsætisnefndar.
9. Pólítískar landaskýrslur.
10. Afgreiðsla starfsáætlunar og reglur um atkvæðagreiðslu.
11. Ályktunartillögur fluttar.
12. Vinnuhópar myndaðir.
13. Afgreiðsla í vinnuhópum.
14. Umræður um ályktanir og þær samþykktar.
15. Breytingar á starfsreglum samþykktar.
16. Málafni sem eru efst á baugi í norrænu samstarfi.
17. Kosning forseta og fulltrúa í forsætisnefnd.
18. Þema næsta þings.
19. Ákvörðun tekin um dagsetningu og staðsetningu næsta þings.
20. Þingslit.

2. Starfsreglur

Starfsreglur sem samþykktar voru 2022 taka gildi á þinginu.

3. Tillaga að meðferð ályktana

3.1 Ályktanir bornar fram

Ályktunartillögur þurfa að berast skriflega eigi síðar en fjórum vikum áður en þing kemur saman. Þingið getur samþykkt með 2/3 atkvæða að afgreiða ályktanir sem borist hafa eftir að frestur rann út. Tillögur sem borist hafa eru sendar þingfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing.

3.2 Afgreiðsla

Formleg meðferð hefst þegar ályktunartillögur berast skrifstofunni. Ályktanirnar eru tölusettar í þeirri röð sem þær berast. Ályktanir sem borist hafa eru afgreiddar í flokkahópum, kynntar á þinginu og síðan sendar til meðferðar í vinnuhópum.

Þegar vinnuhópur hefur lokið afgreiðslu sinni kynnir formaður vinnuhópsins ályktanirnar fyrir þinginu. Tillaga vinnuhópsins er þá aðaltillaga ef til atkvæðagreiðslu kemur ef ekkert annað er ákveðið. Þegar tillagan hefur verið borin fram er hægt að ræða ályktunina.

Áður en umræður hefjast er þinginu heimilt að hafna ályktun með 2/3 atkvæða ef salurinn óskar þess.

Meðferðin fer fram sem hér segir:

- Ályktunartillögur berast;
- Meðferð í flokkahópum;
- Ályktunartillögur bornar fram á þingi;
- Meðferð í vinnuhópum;
- Afgreiðsla á þingi.
 - o Formaður vinnuhóps flytur ályktanir hópsins, eina í senn.
 - o Hugsanlega hafnað með 2/3 atkvæða.
 - o Umræður um aðaltillögu og breytingartillögur.
 - o Tillaga vinnuhópsins samþykkt eða henni hafnað í núverandi mynd.
 - o Ef tillögur vinnuhópsins eru ekki samþykktar í núverandi mynd er gengið til atkvæða um tiltekna breytingartillögur.
- Ný og endurskoðuð ályktunartillaga samþykkt eða ályktun hafnað með einföldum meirihluta atkvæða.

3.3 Breytingartillögur

Meirihluti vinnuhóps getur gert breytingar á öllum textanum þegar hann er til meðferðar í hópnum og verður þá ný textinn aðaltillaga sem rædd verður á þinginu. Heimilt er að bæta við, strika út og breyta texta en allar breytingar vinnuhópsins verða að vera sýnilegar í nýrri aðaltillögu svo hægt sé að greina muninn á upphaflegri tillögu og aðaltillögu vinnuhópsins þegar hún er rædd á þinginu.

Á þinginu getur fulltrúi eða regnhlífarsamtök lagt fram skriflega breytingartillögu við aðaltillöguna sem verður rædd og gengið til atkvæða um á þinginu. Breytingartillögur þessar felast í viðaukum, útstrikunum og breytingum.

3.4. gr. Atkvæðagreiðsla

Tillaga vinnuhópsins er borin fram sem aðaltillaga sem gengið er til atkvæða um. Hafi engar breytingartillögur borist eða ekki fengist stuðningur við breytingartillögur, efnir fundarstjóri til atkvæðagreiðslu en að henni lokinni tilkynnir fundarstjóri hvort ályktunin sé samþykkt eða felld. Hafi breytingartillögur borist ber fundarstjóri upp allar breytingartillögur sem stuðningur hefur fengist við og þær bornar undir atkvæði.

Gengið er til atkvæða um eina ályktun í senn og breytingar henni tengdar með einföldum meirihluta.

Þingið samþykkir fyrst reglur um atkvæðagreiðslu. Atkvæði eru greidd með atkvæðaseðlum þar sem grænn litur þýðir „já“ og rauður litur þýðir „nei“.

Falli atkvæði jöfn á tvær tillögur fellur tillagan, meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja ályktun. Falli atkvæði jöfn á frambjóðendur í lokaumferð er efnt til nýrrar umferðar kosninga. Falli atkvæði enn jöfn ræður hlutkesti.

Fundarstjóri metur hvort „já“ eða „nei“ hafi hlotið flest atkvæði. Reynist fundarstjóra erfitt að skera úr um það eða ef einhver sem greiðir atkvæði fer fram á talningu atkvæða ber að framkvæma hana. Kjörnir atkvæðateljarar telja þá atkvæði og skila niðurstöðum til fundarstjóra sem les upp fjölda „já“- og „nei“-atkvæða.

Farið skal fram á atkvæðatalningu áður en hamri fundarstjóra er slegið. Þau sem greiða atkvæði geta, eftir að hamri er slegið, gert fyrirvara ef þau sætta sig ekki við ákvörðunina. Fyrirvarinn er þá færður í fundargerðina.

3.5 Afturköllun ályktana eða breytingar sem eru ekki samþykktar

Sérhver sem lagði til ályktun eða breytingu sem ekki hlýtur samþykki getur afturkallað tillöguna. Ef það gerist geta aðrir fulltrúar stigið fram og haldið ályktuninni eða breytingunni til streitu, og þá verður sá fulltrúi sem fyrstur er til, nýr flutningsmaður en hin lýsa stuðningi sínum ef þau hafa ekki þegar gert það. Sérhver sem hefur lýst yfir stuðningi við ályktun eða breytingu getur hætt við (nema tillagan sé þegar samþykkt).

Ef einhver sem flytur og/eða hefur lýst yfir stuðningi við tillögu hættir við þannig að tillagan hefur ekki lengur neinn flutningsmann, verða ekki greidd atkvæði um hana nema það sé leiðrétt áður en ályktunin fellur.

3.6 Skipting atkvæða

Aðilar að Norðurlandaráði æskunnar eru ungliðasamtök stjórnmalaflokka sem eiga sæti á þjóðþingum landanna eða hjá sambærilegum stofnunum sjálfstjórnarlandanna, auk norræna regnhlífarsamtaka þeirra. Samtökin geta tekið þátt í þinginu með að minnsta kosti einn fulltrúa. Fulltrúinn hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt.

Aðildarsamtök Norðurlandaráðs æskunnar hafa eitt atkvæði hver. Enn fremur hafa ungliðasamtök stjórnmalaflokka sem eiga fulltrúa í Norðurlandaráði eins mörg atkvæði í Norðurlandaráði æskunnar og móðurflokkurinn hefur í Norðurlandaráði. Fulltrúi í Norðurlandaráði æskunnar hefur því eitt eða fleiri atkvæði. Atkvæðisréttinn má nýta ef aðildarsamtökin eiga fulltrúa á þingi Norðurlandaráðs æskunnar.

Landssambönd ungmennafélaganna, ungmennadeildir Norrænu félaganna í löndunum og fulltrúi Landssamtaka ungra Sama í löndunum hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á þinginu. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt.

Í vinnuhópum sem afgreiða ályktanir hefur hver fulltrúi sama fjölda atkvæða og á þinginu.

3.7 Ályktanahópar

Fyrir afgreiðslu ályktana skipar þingið nokkra vinnuhópa eftir efni ályktana. Ályktanahópar geta bætt við, strikað út og gert breytingar á ályktunum sem borist hafa, og breyttar ályktanir eru ræddar og síðan afgreiddar sem aðaltillögur á þinginu.

Öllum fulltrúum er skipt í vinnuhópa þannig að eigi færri en einn fulltrúi úr hverjum flokkahópi er í hverjum vinnuhópi ef kostur er. Forsætisnefnd velur formann og ritara fyrir hvern ályktanahóp. Hlutverk formannsins er að stjórna umræðum og starfi ályktanahópsins og kynna niðurstöður hans á þinginu. Forsætisnefnd er þá búin að flokka ályktanatillögur sem borist hafa eftir efni þeirra og skipta þeim milli vinnuhópa.

Hver fulltrúi hefur sama fjölda atkvæða í vinnuhópnum og hann hefur á þinginu.

Vinnuhóparnir eiga að afgreiða bæði meginmál og tillöguliði í ályktunartillögum.

Tillaga hópsins verður aðaltillaga þegar kemur að afgreiðslu þingsins nema þingið ákveði annað. Minnihluti í vinnuhópi getur látið skrá sérálit í tillögu vinnuhópsins fyrir þingið.

3.8 Tillögur

Breytingatillögur og tillögur á þinginu þarf að afhenda fundarriturum skriflega. Þetta er gert til þess að það sé vilji fulltrúa en ekki það sem fundarstjóri eða ritari halda að sé vilji fulltrúa sem ræður för.

Fundarstjóri ber fram tillögurnar og þar sem þær hafa borist skriflega nýtist tími þingsins til umræðna frekar en að bíða eftir því að skorið sé úr um óljós atriði.

Ekki þarf að lýsa yfir stuðningi við tillögur til þess að þær verði afgreiddar. Í finnskum fundarreglum er oft krafa um að lýst sé yfir stuðningi við tillögur en þeirri kröfu verður ekki beitt á þessu þingi.

3.9 Andsvör, spurningar um málsmeðferð, upplýsingar um málavexti, framlög, tvöfaldar mælendaskrár

Öll sem hafa málfrelsi samkvæmt „3.6 Skipting atkvæða“ geta beðið um orðið. Það er gert með því að lyfta hvíta spjaldinu sínu þannig að fundarstjóri þingsins sjái númer fulltrúans.

Þau sem vilja taka til máls fá orðið eftir röð samkvæmt mælendaskrá. Meginreglan er að það sé gert eftir að fulltrúi hefur beðið um orðið með eftirfarandi undantekningum.

Tvöfaldar mælendaskrár:

Þegar fulltrúi tekur í fyrsta sinn til máls á þinginu er hann settur fram fyrir aðrar fulltrúa á mælendaskrá. (Þetta er gert til að hvetja fleiri til að taka til máls og vegna þess að reynslan sýnir að umræður verða betri með nýjum andlitum með ný sjónarhorn en ekki er óalgengt að fáir fulltrúar taki yfir umræðurnar.)

Andsvör:

Ef minnst er á fulltrúa, flokk hans eða sambærilegt úr ræðustól getur fulltrúinn farið fram á andsvar (með láréttum vísifingri og þumalfingri). Þegar ræðumaður hefur lokið máli sínu stendur hann áfram í ræðustól en sá sem fór fram á andsvar fær eina (1) mínútu til að svara á undan öðrum. Sá sem er í ræðustól fær eina (1) mínútu til að svara andsvári.

Fulltrúum sem taka til máls í orðaskiptum ber að forðast að nefna aðra fulltrúa því engir aðrir fulltrúar geta farið fram á andsvar í orðaskiptum og geta því ekki brugðist við því sem sagt er.

Fleiri en einn fulltrúi geta talið sig eiga rétt á andsvari en þá verða þau hvert um sig að fara fram á andsvar (með láréttum vísingri og þumal fingri) áður en framsöguræðu lýkur, það er ekki á meðan orðaskipti standa yfir. Hvert og eitt þeirra fær eina (1) mínútu.

Fundarstjóri þingsins sker úr um hvort viðkomandi eigi rétt á andsvari eða hvort setja eigi fulltrúann á almenna mælendaskrá.

Spurningar um málsmeðferð:

Fari fulltrúi fram á að mælendaskrá verði lokað eða telji fulltrúi að fundarstjóri þingsins leggi eitthvað til í trássi við starfsreglur ráðsins, getur fulltrúi gert athugasemd við málsmeðferð (lyft upp handleggjum og myndað O eins og í „ordningsfråga“, það er spurning um málsmeðferð. Ræðumaður grípur inn í mælendaröð og umræðu sem verður að bíða þangað til skorið hefur verið úr um málsmeðferðina.

Spurningar um málsmeðferð eiga að vera stuttar, þær eiga að varða málsmeðferðina en ekki yfirstandandi málefnaumræðu um ályktunartillögu.

Upplýsingar um málavexti:

Um upplýsingar um málavexti gildir hið sama og um spurningar um málsmeðferð og andsvör, það er að gripið er inn í mælendaröð og þær fá forgang fram yfir venjuleg innlegg. Upplýsingar um málavexti eiga að vera stuttar, þær eiga að vera staðreyndir en ekki innlegg í yfirstandandi málefnaumræðu.

3.10 Lokun mælendaskrár

Lokun mælendaskrár felur í sér að lengd mælendaskrár er takmörkuð. Það er gert með þeim hætti að fundarstjóri eða þingfulltrúi leggja til að „mælendaskrá verði lokað“. Í framhaldinu er rætt um „lokun mælendaskrár“ og tekin ákvörðun um hana.

Ef þingið ákveður að loka mælendaskrá fá þau að komast á mælendaskrá sem óska þess. Að því loknu er mælendaskrá lokað svo ekki komist fleiri á mælendaskrá þegar umræður um ályktunartillöguna halda áfram.

3.11 Möguleiki að setja tímatakörk

Auk þess sem andsvör takmarkast alltaf við eina (1) mínútu veitir þingið fundarstjóra þingsins heimild til að ákveða tímatakörk fyrir innlegg. Ekki er gert ráð fyrir að á þetta reyni en möguleikinn er fyrir hendi ef sú staða kemur upp að fundarstjóri þingsins telji það nauðsynlegt.

Fyrsta takmörkun væri að ákveða fjögurra (4) mínútna ræðutíma í fyrsta sinn sem tekið er til máls í umræðum og tveggja (2) mínútna ræðutíma í annað sinn sem tekið er til máls í umræðum. Þegar talað er um fyrsta sinn sem tekið er til máls þýðir það í hvert sinn sem ræðumaður tekur fyrst til máls um hverja ályktunartillögu.

Önnur takmörkun væri að ákveða tveggja (2) mínútna ræðutíma fyrir öll innlegg í umræðunum, fyrir utan andsvör sem takmarkast alltaf við eina (1) mínútu.

4. Kosning forseta

4.1 Yfirlýsingar um framboð

Frambjóðendur til forseta skulu tilkynna fundarstjóra um framboð sitt eigi síðar en kl. 17.00 á laugardeginum.

4.2 Ræður frambjóðenda

Frambjóðendur til forseta skulu fá þrjár (3) mínútur til að kynna sig áður en til atkvæðagreiðslu kemur.

4.3 Meðmælaræður

Hver frambjóðandi til forseta á rétt á tveggja (2) mínútna ræðu með meðmælum annars þingfulltrúa sem er heimilt að taka til máls áður en gengið er til atkvæða.

4.4. gr. Atkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla fer fram í samræmi við ákvæði í starfsreglum.